

Alþingi
Erindi nr. P 139/413
komudagur 25.11.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

EFNI: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara (206. mál).

Í upphafi er rétt að taka það fram að embætti umboðsmanns skuldara (hér eftir UMS) leggst alfarið gegn því að skuldurum verði í kjölfar endurútreiknings gert að sæta hækkun á eftirstöðvum höfuðstóls, eða eftir atvikum gert að greiða bakreikning t.d. vegna þegar efndrar skuldbindingar.

Flest þau lán sem löggin ná til, eru neytendalán sbr. lög um neytendalán og þær Evrópusambandsgerðir sem snúa að neytendavernd. Sú aðferðafræði sem lögð er til í frumvarpinu um endurútreikning þeirra lána virðist í veigamiklum atriðum ganga gegn þeim skyldum sem íslenska ríkið ber á grundvelli EES-samningsins. Af þeim sökum telur UMS æskilegt að aflað verði ítarlegs lögfræðiálits á því hvort frumvarpið sé í samræmi við EES-samninginn. Forskoðun UMS bendir til þess að svo sé ekki.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það leiða til þess að nokkur fjöldi neytenda og annara skuldara mun þurfa að inna af hendi viðbótargreiðslur til lánveitenda sinna. Þetta telur UMS ekki ásættanlegt. Úr þessu má bæta með því að setja inn almenna skýringarreglu í frumvarpið, þess efnis að endurútreikningur skuli, þrátt fyrir önnur ákvæði frumvarpsins, aldrei leiða til viðbótarfjárútláta skuldara, nema um lögáðila sé að ræða. Þessi vernd ætti einnig að ná til ábyrgðarmanna.

Einnig má bæta frumvarpið með því að bæta í það almennri skýringarreglu, þess efnis að ekkert í frumvarpinu skuli skerða þann rétt sem neytendur hafi samkvæmt gildandi rétti um neytendavernd, óháð lögskýringarreglu um forgang yngri laga gagnvart eldri.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið er nokkuð fjallað um samspil eignarréttar og réttarins til friðhelgis einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í því sambandi er ástæða til að benda á að komi til þess að einstaklingar verði í kjölfar endurútreiknings knúnir til að greiða hærri fjárhæðir en þeim var skylt samkvæmt samningi, felur það einnig í sér skerðingu eignarréttar. Um þetta er ekki fjallað sem skyldi í athugasemdum með frumvarpinu. Leiða má að því líkum að í því felist ólögsmæt eignaupptaka, en ekki hefur verið sýnt fram á að almannahagsmunir krefjist þess að slík eignaupptaka fari fram. Því er hugsanlegt að höfuðstólshækkunar eða bakreikningar til einstaklinga feli í sér bótaskyld brot, ekki einungis gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, heldur einnig gegn skuldbindingum íslenska ríkisins að þjóðarétti.

Nauðsynlegt er að skýra nánar hve langt skuli ganga við að vefja ofan af afleiðingum þess að lána- og eignaleigusamningar hafi verið ólögsmætir. Í mörgum tilvikum hafa hinir ólögsmætu

samningar leitt til fullnustugerða hjá skuldurum, sem hugsanlega hefðu ekki komið til ef samningar hefðu upphaflega verið lögmætir. Það vakna fjölmargar spurningar um bótaskyldu, sem kann að hafa stofnast vegna þess ástands sem hinir ólögmætu samningar leiddu til.

UMS vill sérstaklega benda á að ekki er ljóst við lestur frumvarpsins hvert gildissvið þess er með tilliti til þess hvaða samningar teljist hafa ólögmæt samningsákvæði. Í bráðabirgðaákvæði X er einungis fjallað um húsnæðislán, sem og lánessamninga og eignaleigusamninga sem fullnægja þeim skilyrðum sem ákvæðið setur. Það er álitamál hvort þeir samningar sem heyra ekki undir ákvæðið en teljast engu að síður hafa ólögmæt ákvæði um gengistryggingu falli undir 18. gr. laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að lögaðilum og öðrum aðilum í atvinnurekstri skuli vera heimilt að gera gengistryggða lánasamninga. Hugtakið gengistryggt lán er skýrt nánar í ákvæðinu.

Þess misskilnings virðist gæta að ákvæðið sé með einhverjum hætti afturvirkkt. Nauðsynlegt er að taka af tvímæli um það hvort svo skuli vera. Jafnframt þarf að kveða á um það í ákvæðinu hvaða áhrif gildistaka þess hafi á þá gengistryggðu lánasamninga sem þegar eru í gildi.

Ákvæðið felur í sér heimild til handa ákveðnum hópi til að gera nánar skilgreinda tegund samnings. Ekki er þó lagt beinlínis bann við því að aðrir, t.d. neytendur, geri slíka samninga. Ætla verður að það sé þó hugsunin með ákvæðinu. Eins og ákvæðið er orðað er því einungis um að ræða heimildarákvæði, en nauðsynlegt er að gagnálykta frá ákvæðinu til að leiða fram bannreglu. Sé tilgangur ákvæðisins að lögfesta slíka bannreglu með skýrum hætti, þá er sú bannregla óskýr. Í ákvæðinu er sett fram skilgreining á gengistryggðu láni, sem er þannig upp sett að hana er einfalt að sniðganga, sé til þess vilji. Eins og ákvæðið er orðað mætti til dæmis túlka það sem svo að neytanda sé heimilt að gera lánessamning sem fellur undir skilgreiningu ákvæðisins á gengistryggðu láni, að öðru leyti en því að höfuðstóll lánsins sé tilgreindur í erlendum gjaldmiðli.


Orðalag ákvæðisins getur því leitt til mikils ágreinings. Úr þessu má bæta með umorðun sem endurspeglar tilgang þess og skýri gildissviðið.

2. gr.


Varðandi 2. másl. 1. mgr. greinarinnar þá telur UMS að betur þurfi að skilgreina í hvaða tilfellum eigi að notast við 1. másl. 4. gr. laganna og svo hins vegar við 2. másl. 4. gr. við endurútreikning á ógildum lánasamningi. Jafnframt telur UMS að betur þurfi að skýra hvernig fara skuli með samsetta eða blandaða samninga, t.d. þar sem höfuðstóll er að einhverju

hlutfalli gengistryggður en afgangur hans verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs. Svára þyrfti því hvort slíkir samningar séu jafn ógildir og samningar sem eru að öllu leyti gengistryggðir. Jafnframt hvernig aðferðafræði endurútreiknings fyrir slíka samninga skuli háttáð.

Til útskýringar sýnir eftirfarandi mynd mánaðarlega greiðslubyrði fyrir endurreiknaðan 1 m.kr. höfuðstól annars vegar m.v. 1. másl. 4. gr. og hins vegar 2. máls. 4. gr. Lánið hefur stofndag 2. janúar 2002, er til 9 ára og eru gjalddagar á eins mánaðar tíðni. Frá 1. febrúar 2002 til 1. júní 2010 er samtala heildargreiðslna tæplega 1,54 m.kr. (vextir þar af tæplega 650 þ.kr.) af láninu endurreiknað m.v. 1. másl., en rúmlega 1,47 m.kr. (verðbættir vextir þar af um 328 þ. kr.) m.v. 2. másl. 4. gr. Það má sjá að það yrði skuldara í hag að endurreikna m.v. 2. másl. 4. gr. í þeim tilfellum þar sem langt er liðið frá stofndegi kröfu.



Eftirfarandi mynd lýsir þróun eftirstöðva eftir greiðslu hvers gjalddaga. Í kjölfar greiðslu á gjalddaga 1. júní sl. standa eftirstöðvar höfuðstóls m.v. 1. másl. í 110 þ.kr. en 145 þ.kr. m.v. 2. másl. 4. gr. Munurinn er því 33% sem er hlutfallslega hæsti munurinn frá stofndegi.



Í ljósi framangreinds telur UMS m.t.t. mismunandi mögulegra verðtryggingaákvæða að 2. másl. 1. mgr. eigi að hljóða svo:

Hið sama á við ef samningur kveður á um mismunandi verðtryggingu skuldar samhliða vaxtaákvæðum, og eitthvert þeirra er ógilt, þá skulu öll ákvæði samningsins um vexti og verðtryggingu fara eftir því sem kveðið er á um í 1. eða 2. másl. 4. gr., eftir því sem er skuldaránunum hafgellara og því sem greinir nánar í þessari grein.

Í athugasemdum við 1. mgr. er rætt um það sem staðreynd að órjúfanleg tengsl séu á milli verðtryggingar- og vaxtaákvæða í samningum um fjárskuldbindingar, enda sé það í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar frá 16. september 2010. Rétt er að benda á að niðurstaða Hæstaréttar um þetta bindur ekki löggjafann. Lögfesting á tengslum þessara samningsákvæða gengur gegn meginreglunni um samningsfrelsi, en kann einnig að fela í sér brot af hálfu íslenska ríkisins á 6. gr. tilskipun ráðsins nr. 93/13/EBE.

Varðandi 4. mgr. ákvæðisins vill UMS taka það fram að orða þurfi málsgreinina þannig að hún taki af allan vafa um hvort skuldara sé heimilt að greiða að fullu peningakröfu, án uppgreiðslugjalds, fyrir eða eftir endurútreikning skv. 5. mgr. sömu greinar.

Varðandi 5. mgr. ákvæðisins telur UMS að ef það er markmið löggjafans að beita samhverfri aðferðafræði við endurútreikning gengistryggðra lána þ.a. í ljós komi að annað hvort lánveitandi hafi krafðið skuldara um of háar greiðslur eða að skuldari hafi vangreitt til lánveitanda þá eigi ekki að fara leynt með það að skuldara beri að greiða meira en honum var skylt samkvæmt þeim samningi sem hlutaðeigandi undirritaði í upphafi. Enginn ávinningur hlýst af því að það komi ekki skýrt fram. Þannig á almenningur rétt á að átta sig á meginmarkmiðum laganna og sinni eigin skuldastöðu. Sé það raunverulegur vilji löggjafans telur UMS að taka eigi með skýrum hætti fram að skuldara beri að endurgreiða kröfuhafa það sem hann telst hafa vangreitt skv. endurútreikningi. Jafnframt er brýnt að fram komi í ákvæðinu að hvaða leyti endurútreikningur leiði til viðbótarkrafna á hendur ábyrgðarmönnum, umfram þær skuldbindingar sem þeir undirrituðu þegar þeir gengust upphaflega í ábyrgð.

Rétt er að áréttu að UMS leggst alfarið gegn því að skuldurum verði í kjölfar endurútreiknings gert að sæta hækkun á eftirstöðvum höfuðstóls, eða eftir atvikum gert að greiða bakreikning t.d. vegna þegar efndrar skuldbindingar.

UMS telur að nauðsynlegt að skýrt komi fram í 5. mgr. að kröfuhafa sé óheimilt að reikna dráttarvexti á það sem vangreitt kann að vera vegna ólögðra vaxta og/eða verðtryggingar, sbr. athugasemdir í frumvarpinu við 5. mgr.

Varðandi lýsingu á aðferðafræði við endurútreikning þá telur UMS að endurbætt eða viðbótar skýridæmi í athugasemdum við 5. mgr. gæti auðveldað almenningi við að skilja hana. Til dæmis gæti skýridæmið verið með eftirfarandi hætti:

Viðkomandi lántaki gerði gengistryggðan lánasamning 21. nóvember 2006. Upphaflegur höfuðstóll lánsins var 1.691.876 kr. Höfuðstóllinn bar libor vexti sem samsvara hverri viðmiðunarmynt og tíðni gjalddaga. Höfuðstóllinn átti að greiða niður með jöfnum greiðslum á 5 árum og var fyrsti gjalddagi lánsins 5. janúar 2007 en svo í framhaldinu á mánaðarlegri tíðni. Eftirfarandi tafla inniheldur sögulegt raungreiðsluflæði í íslenskum krónum m.v. upphaflega skilmála og endurútreiknað greiðsluflæði lánsins m.v. 1. másl. 4. gr. 1. nr. 38/2001.

Gjalddagi	Raungreiðslur			Endurútreikningur			Van- og ofgreiðslur		
	Vextir	Afborgun	Samtals	Vextir	Afborgun	Samtals	Mismunur	Upps. Vextir	Samtals
5.1.2007	5.919	24.999	30.918	32.001	18.812	50.813	-19.895	-13.016	-32.911
5.2.2007	5.814	24.210	30.024	22.272	19.055	41.327	-11.303	-7.180	-18.483
5.3.2007	5.485	23.511	28.996	22.018	19.301	41.319	-12.323	-7.592	-19.915
5.4.2007	5.749	24.177	29.926	21.760	19.550	41.310	-11.384	-6.798	-18.182
5.3.2010	4.354	62.825	67.179	5.481	30.636	36.117	31.062	1.482	32.544
5.4.2010	4.197	62.935	67.132	5.264	31.032	36.296	30.836	1.253	32.089
5.5.2010	3.923	61.576	65.499	5.044	31.433	36.477	29.022	974	29.996
5.6.2010	3.732	61.326	65.058	4.821	31.839	36.660	28.398	740	29.138

Fyrir endurútreikning voru eftirstöðvar sammings 1.371.309 kr. eftir greiðslu gjalddaga 5. júní 2010. Eftirstöðvar eftir endurútreikning eru hins vegar 648.841 kr. í kjölfar gjalddaga 5. júní s.á. Frá endurútreiknuðum eftirstöðvum dregst eða leggst við samtala dálksins „Samtals“ í reitnum van- og ofgreiðslur. Samtalan reynist vera 102.641 kr. og dregst frá 648.841 kr. Eftirstöðvar eftir endurútreikning eru því 546.200 kr. sem framtíðarskilmálar nýs lánasamnings taka mið af.

Telur UMS að í kjölfar uppgjörs væri réttast að skrifað yrði undir nýjan lánasamning með það fyrir sjónum að ábyrgðarmenn njóti verndar laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009, jafnvel þótt þeir hafi ekki gert það áður.

Varðandi 6. mgr. telur UMS að réttast væri að skýrgreina af hvaða gengistryggðum lánnum endurgreiðslur til lögaðila taka til við skuldajöfnun við kröfuhafa. Er þar átt við gengistryggð fasteignalán, gengistryggð lán vegna fjármálagerningakaupa, o.s.frv.?

Varðandi 7. mgr. telur UMS að nauðsynlegt sé að skýra hvernig greiðsluskilmálum skuli háttað í þeim tilfellum þar sem skuldari hefur greitt upp gengistryggt lán áður en dómur Hæstaréttar 16. júní 2010 var kveðinn upp. Skal slíkt sérstakt uppgjör vera skýrt þar sem um umtalsverðar upphæðir geti verið að ræða. Eftirfarandi dæmi lýsir mögulegri niðurstöðu fyrir skuldara.

Viðkomandi lántaki gerði gengistryggðan lánasamning 1. janúar 2002. Upphaflegur höfuðstóll lánsins var 10.000.000 kr. og bundinn erlendum gjaldmiðlum (½ JPY og ½ CHF). Höfuðstóllinn bar libor vexti sem samsvara hverri viðmiðunarmynteiningu og tíðni gjalddaga. Höfuðstóllinn átti að greiða niður með jöfnum greiðslum á 8 árum og var fyrsti gjalddagi lánsins 3. janúar 2002 en svo í framhaldinu á mánaðarlegri tíðni. Lokagjalddagi er því 3. desember 2009. Nú er lánið endurútreiknað m.v. 5. mgr. 18. gr. og er niðurstaðan eftirfarandi í íslenskum krónum.

Samtala van- og ofgreiðslna:	-3.592.635
Uppsafnaðir vextir á van- og ofgreiðslur til 1. júlí 2010:	-4.750.074
Samtals til greiðslu á eindaga 1. júlí 2010:	-8.342.709

UMS telur að nánar þyrfti að taka fram í 2. másl. 7. mgr. hvernig framsetning kröfu skal háttað og þá hvernig leysa skuli úr ágreiningi vegna endurútreiknings.

Varðandi 8. mgr. þá telur UMS að réttara væri ef 2. másl. væri svohljóðandi:

Skal þá hver skuldari eiga sjálfstæðan rétt gagnvart kröfuhafa til leiðréttingar á greiðslum þeim sem þeir inntu af hendi vegna lánsins svo og rétt eða skyldu til leiðréttingar vegna breytinga á höfuðstól lánsins vegna áhrifa verðtryggingar.

Jafnframt telur UMS nauðsynlegt að sett verði fram reikniregla fyrir b.-lið, *Höfuðstólsleiðrétting*, þar sem ekki liggur í augum uppi hvernig aðferðafræðin skuli vera til að ákvarða þess konar leiðréttingu í hvert skipti. UMS telur jafnframt eðlilegt að sú reikniregla yrði útskýrð með dæmi í athugasemdum við 8. mgr. eða í fylgiskjali með lögnum.

9. mgr. fjallar um endurkröfurétt þeirra sem hafa greitt fyrir skuldara. Nauðsynlegt er að skýra hvort þessi regla hafi þau áhrif, í ljósi samhverfuhugsunar frumvarpsins, að þeir sem hafa innt greiðslur af hendi fyrir skuldara en teljast í ljósi endurútreiknings hafa vangreitt, verði krafðir um frekari greiðslur.

3. gr.

a. (X.)

UMS telur orðalag 1. málslið ákvæðisins vera ófullnægjandi þar sem ekki verður ráðið af ákvæðinu hvort uppgjör vegna vangreiðslu fari eftir því sem greinir í 18. gr. laganna. Í ákvæðinu er einungis minnst á uppgjör vegna ofgreiðslu. Ekki kemur fram hvaða afleiðingar vangreiðsla kunni að hafa. Varðandi lokamálslið tölulíðarins þá telur UMS að skilgreina þurfi nánar hvað átt er við með eignaleigusamningum, sérstaklega í ljósi þess að talsmenn flestra fjármálafyrirtækja skv. lögum nr. 161/2002, virðast telja að svokallaðir einkaleigusamningar

falli ekki undir dóma Hæstaréttar frá 16. júní sl. og 16. september sl. og þ.a.l. ekki undir frumvarpið.

b. (XI.)

UMS vill gagnrýna að fjármálafyrirtækjum sé í sjálfsvald sett skv. 2. málsl. ákvæðisins að ákveða tímamörk fyrir ábyrgðarmenn og veðhafa til að sanna rétt sinn til greiðslna. UMS telur brýnt að kveðið sé á um lágmarksfrest í því sambandi. Varðandi lokamálslið ákvæðisins telur UMS að skilgreina nánar málsmeðferð eftirlits UMS með útreikningum fjármálafyrirtækja, réttaráhrif þess og hvernig kröfum um úrbætur skuli háttað. UMS hefur sem stendur engar viðurlagaheimildir til að knýja t.a.m. fjármálafyrirtæki til að bregðast við kröfum um úrbætur eða veita upplýsingar.

d. (XII.)

UMS telur nauðsynlegt að heimild ákvæðisins til endurupptöku dóma, úrskurða um gjaldþrotaskipti og fullnustugerða sé útfærð nánar. Mikilvægt er að afmarka betur skilyrði fyrir slíkri endurupptöku og hve langt aftur í tímann endurupptaka er heimil.

Nauðsynlegt er að skýra nánar hve langt skuli ganga við að vefja ofan af afleiðingum þess að lána- og eignaleigusamningar hafi verið ólögmatir. Í mörgum tilvikum hafa hinir ólögmatu samningar leitt til fullnustugerða hjá skuldurum, sem hugsanlega hefðu ekki komið til ef samningar hefðu upphaflega verið lögmatir. Fjölmargar spurningar vakna um bótaskyldu, sem kann að hafa stofnast vegna þess ástands sem hinir ólögmatu samningar leiddu til.

Ennfremur er álitamál hvernig fara eigi með endurupptöku vörslusviptinga í ljósi ólögmatrar verðtryggingar, þegar svo háttar. Þetta er einkum mikilvægt í ljósi réttmætra efasemda um lögmati slíkra gerninga.

e. (XIV.)

UMS telur ekki ljóst hvaða skilning beri að leggja í ákvæðið út frá fyrningarsjónarmiðum. Ef hugsunin er sú að dómur Hæstaréttar frá 16. júní sl. hafi slitið fyrningarfresti í almennum skilningi, þá þarf það að koma fram með skýrum hætti. Það þarf að vera ljóst að uppgjorsreglur frumvarpsins taki ekki til samninga sem eru uppgerðir fyrir ákveðin tímamörk. Þá þarf að gæta samræmis við reglur laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.

Dæmi um aðstæður sem gætu valdið misskilningi eru t.d. eftirfarandi:

1. Samningur gerður 2002, fullendur 16. ágúst 2006.
2. Samningur gerður 2002, fullendur 16. maí 2006.
3. Samningur gerður 2002, greiddur upp með eingreiðslu þriðja aðila 2003.
4. Samningur gerður 2007, greiddur upp með eingreiðslu þriðja aðila sama ár.
5. Samningur um lán til lögaðila, gerður 2008, vanendur og fellur á ábyrgðarmann sem greiðir samninginn upp sama ár.
6. Samningur um lán til lögaðila, gerður 2005, vanendur og fellur á ábyrgðarmann sem greiðir samninginn upp í ágúst 2006.

UMS vill einnig benda á nauðsyn þess að greina umfang þeirra krafna sem gerðar verðar upp til að löggjafinn átti sig betur á þeim skaða sem slík aðgerð hefur í för með sér fyrir skuldara. Í öllu falli telur UMS að ekki eigi að taka upp samninga í þeim tilfellum þar sem slík endurupptaka er skuldara, ábyrgðarmanni eða öðrum sem greitt hafa fyrir skuldara í óhag.

f. (XV.)

Með hliðsjón af athugasemdum í frumvarpinu við f.-lið 3. gr. telur UMS að 1. másl. ætti að vera svohljóðandi:

Leysi lánveitandi til sín veðsetta eign skuldara eða eign samkvæmt láns- eða eignaleigusamningi og reynist eftirstöðvar skuldbindingar skuldara vera hærri en innlausnarverð lánveitanda, þrátt fyrir að eftirstöðvar samningsins hafi verið endurreiknaðar í samræmi við 18. gr., á skuldari rétt á að greiða eftirstöðvar skuldbindingar sinnar með eftirfarandi skilmálum:

Telur UMS að ákvæðið þarfnist nánari skýringar m.t.t. annarra veðsettra eigna en bifreiða.

Í frumvarpinu er ekki skýrt hvornig leysa úr þeirri stöðu þegar lánveitandi/leigusali hefur þegar framkvæmt svokallaða vörslusviptingu og hvort viðkomandi lánþegi/leigutaki megi engu að síður eiga von á hækkun eftirstæðrar skuldar sinnar eða bakreikningi.

UMS fagnar þeirri breytingu að lánveitandi geti ekki leitað fullnustu vegna eftirstöðva skuldbindingarinnar í íbúðarhúsnæði skuldara þar sem hann hefur skráð lögheimili og heldur heimili. UMS vill hins vegar benda sérstaklega á að sú vernd sem ákvæðið mælir fyrir um ætti einnig að taka til þeirra sem hafa gengist í ábyrgð fyrir skuldbindingum skuldara, eins og sú ábyrgð er skilgreind í lögum um ábyrgðarmenn nr. 32/2009.

Bakreikningar

Vandséð er að mögulegt sé að beita afturvirkni við útreikning vaxta m.v. 4. gr. á vangreiðslur skuldara vegna ólögmatra vaxta og/eða verðtryggingar enda er ljóst að í öllum þorra tilvika hefur ekki verið höfð uppi lögmat greiðslukrafa og skuldari ekki haft forsendur til að reikna út afborganir og vexti miðað við það sem rétt er. Það gengur þvert gegn neytendaverndarsjónarmiðum að reikna afturvirka vexti á vangreiðslur sem voru í raun ekki vangreiðslur þar sem skuldari stóð fyllilega í skilum með umsandan lánasamning.

Þá fær það ekki staðist að neytendur sem hafa greitt upp lán sín og fengið fullnaðarkvittun þess efnis frá hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki, fái nú hugsanlega á grundvelli reglna frumvarpsins bakreikning vegna vangreiðslna. Fullnaðarkvittun hefur verið talin staðfesting fyrir því að kröfuhafi eigi ekki frekari kröfur á hendur skuldara og hafi móttengið greiðslu til fullra efnda á kröfu sinni. Þá er almennt gengið út frá að brostnar forsendur kröfuhafa fyrir útgáfu fullnaðarkvittunarinnar geti engu breytt um síðari kröfur sem kröfuhafi vill halda fram.

Þá vill UMS benda á að ákveðið ranglæti gildir varðandi útreikning uppsafnaðra vaxta, þ.e. vangreiðslur skuldara eru lengra aftur í tímann sem þýðir að uppsöfnun vaxta á vangreiðslur skuldara nær yfir mun lengra tímabil en uppsöfnun vaxta á ofgreiðslur skuldara sem eru nær í tíma.

Það er umhugsunarefni hvort löggjafinn hafi gert hagfræðilega úttekt á hver áhrif slíkra bakreikninga hefði á einstaklinga, og þá hversu margir einstaklingar fá slíka reikninga og hversu há sú upphæð er í heildina, hvort sem um sérstakt uppgjör er að ræða eða viðbætur við núverandi eftirstöðvar.

Endurútreikningur gefur afar mismunandi niðurstöður eftir því yfir hvaða tímabil hann er framkvæmdur. Eftirfarandi dæmi lýsa niðurstöðum í íslenskum krónum fyrir skuldara miðað við mismunandi lánstíma ógildra lána.

Dæmi 1:

Stofndagur: 01.01.2002
Lokagjalddagi: 03.12.2009
Höfuðstóll: 2.000.000
Gengistrygging: ½ JPY og ½ CHF
Greiðsla: mánaðarleg

Samtala van- og ofgreiðslna: -718.527
Uppsafnaðir vextir á van- og ofgreiðslur til 1. júlí 2010: -950.015
Samtals til greiðslu á eindaga 1. júlí 2010: -1.668.542

Dæmi 2:

Stofndagur: 01.06.2006
Lokagjalddagi: 05.05.2011
Höfuðstóll: 1.858.468
Gengistrygging: ½ ISK, 15% USD, 10% JPY, 20% EUR og 5% CHF
Greiðsla: mánaðarleg

Eftirstöðvar fyrir endurútreikning: 921.883
Eftirstöðvar eftir endurútreikning: 635.586

Samtala van- og ofgreiðslna: -91.030
Uppsafnaðir vextir á van- og ofgreiðslur til 1. júlí 2010: -74.977
Samtals til greiðslu á eindaga 1. júlí 2010: -166.007

Dæmi 3:

Stofndagur: 01.08.2007
Lokagjalddagi: 05.07.2014
Höfuðstóll: 2.521.754
Gengistrygging: ½ JPY og ½ CHF
Greiðsla: mánaðarleg

Eftirstöðvar fyrir endurútreikning: 4.718.484
Eftirstöðvar eftir endurútreikning: 1.684.570

Samtala van- og ofgreiðslna: 48.916
Uppsafnaðir vextir á van- og ofgreiðslur til 1. júlí 2010: -49.609
Samtals til greiðslu á eindaga 1. júlí 2010: -693

Þá skal þess gætt að löggjafinn hefur rúmar heimildir til að setja afturvirkar ívilnandi reglur, enda sé gætt jafnræðis og annarra málefnaþegra sjónarmiða. Telja má að reglur frumvarpsins sem hafa íþyngjandi afturvirk áhrif fyrir hagsmuni skuldara stangist í veigamiklum atriðum á við réttlætissjónarmið og réttmætar væntingar skuldara.

6. gr.

Skv. 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að efnahags- og viðskiptaráðherra sé heimilt að fela umboðsmanni skuldara að hafa eftirlit með útreikningum fjármálafyrirtækja samkvæmt bráðabirgðaákvæði XI. í frumvarpinu, óska eftir upplýsingum um forsendur útreikninga og kveða á um úrbætur ef þörf krefur. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis kemur fram það mat skrifstofunnar að kostnaður vegna þessa verði óverulegur.

Þessi umsögn fjárlagaskrifstofu er að engu leyti rökstudd. UMS telur ljóst að kostnaður verður verulegur eigi eftirlit UMS samkvæmt ákvæðinu að vera markvisst og skilvirkt. Að lágmarki verður að reikna með 5-6 stöðugildum, í ljósi þess að almennt vantraust til fjármálastofnana er útbreitt. Eftirlit með útreikningum felur ekki einungis í sér að sannreyna útreikninga, heldur mun einnig þurfa að kanna forsendur þeirra og réttmæti. Þess ber að gæta að þetta verkefni UMS mun jafnframt sæta eftirliti þeirra sem eiga hagsmuna að gæta. Það er því nauðsynlegt að embættinu sé gert kleift að sinna hlutverki sínu með fullnægjandi hætti, annað væri til þess fallið að skaða trúverðugleika embættisins. Af þeim sökum er nauðsynlegt að fjárheimildir séu skýrar.

Eins og þegar hefur komið fram er mikilvægt að skilgreina valdheimildir UMS varðandi þetta verkefni, sem og þau úrræði sem stofnunin hefur í þeim tilvikum sem upplýsingar skila sér ekki frá hlutaðeigandi fjármálastofnunum, eða þegar ákvörðunum UMS um úrbætur er ekki fylgt. Sé ætlunin að aðilar hafi málskotsrétt væri æskilegt að kveða á um slíkt, sem og um tímafresti og aðra málsmeðferð, svo fátt eitt sé nefnt.

Nauðsynlegt er að skilgreina valdmörk hlutaðeigandi ráðuneyta, í tengslum við umrætt hlutverk embættisins. Það þarf að gerast með lögum eða í það minnsta reglugerð frá því ráðuneyti sem stofnunin heyrir undir.

Sé ætlunin að UMS hafi á annað borð einhverjar valdheimildir í þessu sambandi, í umboði efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, er nauðsynlegt að skoða sérstaklega hvernig slíkt vald verði veitt, einkum ef fyrirhugað er að gera það með þjónustusamningi eða ámóta hætti.

Virðingarfyllst,

Ásta S. Helgadóttir
Umboðsmaður skuldara